

Lífeyrissjóður starfsmanna  
Búnaðarbanka Íslands hf.  
Ársreikningur 2010

Lífeyrissjóður starfsmanna  
Búnaðarbanka Íslands hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík

Kt. 510169-4339

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu líffeyris .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8
Fylgiskjal: Úrdráttur úr fjárfestingastefnu .....	13

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er samtryggingasjóður. Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 77 millj. kr. vegna 135 sjóðfélaga, en þau voru 87 millj. kr. árið áður. Að auki fékk sjóðurinn 2 millj. kr. framlag úr ríkissjóði vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 578 millj. kr., sem er 16,6% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 255. Hækkun lífeyrisgreiðslna er einkum vegna fjölgunar lífeyrisþega og breyttra samþykktu sjóðsins.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 16.095 millj. kr. í árslok 2010. Á árinu hækkaði hún um 677 millj. kr. eða um 4,4%. Nafnávöxtun ársins var 7,8%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 15.491 millj. kr. Eignir sjóðsins umfram skuldbindingar nema 2.277 millj. kr. Þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eigna og framtíðariðgjalda.

Engir starfsmenn eru hjá sjóðnum, en Arion banki hf. annast og kostar daglegan rekstur sjóðsins.

Árið 2010 var gott fyrir LSBÍ þegar á heildina er litið. Seðlabankinn hélt áfram vaxtalækkunarferli sínu og leiddi það til hækkunar á verði innlendra skuldabréfa sem almennt gáfu góða ávöxtun á árinu. Varfærin fjárfestingarstefna undanfarinna ára, og sú varúð sem gætt var með niðurfærslu eigna í kjölfar bankahrunsins, skilar sér í góðri ávöxtun LSBÍ á árinu. Auk þessa er tryggingafræðileg staða LSBÍ mjög sterk, líklega ein sú besta á landinu um þessar mundir, sem meðal annars má þakka fyrrnefndum atriðum. Auk þess má nefna að sjóðurinn tók þátt í kaupum á svonefndum Avens-bréfum af Seðlabanka Íslands á árinu, en þau kaup höfðu jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.


Á árinu voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins á þá leið að nú er sjóðfélögum heimilt að hefja töku lífeyris án þess að láta af störfum hjá bankanum, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Töluverður fjöldi sjóðfélaga nýtti sér þessa breytingu á samþykktunum á árinu.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru eignir sjóðsins 14,7% hærrí en skuldbindingar hans og því þarf ekki að skerða réttindi sjóðfélaga. Í lögum nr. 129/1997 er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að ekki sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins sé mismunur á milli eigna og skuldbindinga undir 15% árið 2010.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. mars 2011.

Stjórn



Handwritten signatures of the Board members, including the name 'Sveinur Sveinsson'.

Framkvæmdastjóri



Handwritten signature of the Chief Executive Officer, 'Halvaldur T. Pólsen'.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Væl endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 18. mars 2011.

KPMG ehf.



## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Iðgjöld:</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		16.812	19.262
Iðgjöld launagreiðanda .....		60.520	67.670
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði .....		1.899	0
		79.230	86.932
<b>Lífeyrir:</b>			
Lífeyrir .....	11	577.506	495.446
<b>Fjárfestingartekjur:</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	7	31.596	961
Vaxtatekjur og gengismunur .....	8,12	1.131.111	1.976.152
Niðurfærsla verðbréfa, breyting .....	19	24.914	( 110.429)
		1.187.621	1.866.684
<b>Fjárfestingargjöld:</b>			
Umsýslubóknun .....	5,9	7.104	4.004
<b>Rekstrarkostnaður:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	9,13	5.289	4.706
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		676.952	1.449.461
Hrein eign frá fyrra ári .....		15.418.293	13.968.832
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....</b>	<b>22</b>	<b>16.095.245</b>	<b>15.418.293</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Fjárfestingar:</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....		552.788	644.899
Verðbréf með föstum tekjum .....		14.931.065	14.261.649
Veðlán til sjóðfélaga .....		289.288	326.545
	16-18	<u>15.773.142</u>	<u>15.233.093</u>
<b>Kröfur:</b>			
Ýmsar kröfur .....		<u>1.899</u>	<u>589</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		<u>333.096</u>	<u>195.280</u>
	Eignir samtals	<u>16.108.137</u>	<u>15.428.963</u>
<b>Skuldir:</b>			
Ýmsar skuldir .....	21	<u>12.892</u>	<u>10.670</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>	22	<u>16.095.245</u>	<u>15.418.293</u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Inngreiðslur:</b>			
lögjöld .....		77.331	86.932
Fjárfestingartekjur .....		23.775	35.041
Afborganir verðbréfa .....		1.337.670	1.135.018
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....		929.721	780.375
Seld verðbréf með föstum tekjum .....		869.296	330.050
		<u>3.237.792</u>	<u>2.367.416</u>
<b>Útgreiðslur:</b>			
Lífeyrir .....	11	577.506	495.446
Fjárfestingargjöld .....		7.104	4.004
Rekstrarkostnaður .....	13	3.822	4.440
		<u>588.433</u>	<u>503.890</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum .....		2.649.360	1.863.526
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....		784.770	318.353
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....		1.726.774	1.443.309
Ný veðlán .....		0	4.000
		<u>2.511.544</u>	<u>1.765.663</u>
<b>Hækkun á sjóði og veltiinnlánnum .....</b>		<b>137.816</b>	<b>97.863</b>
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>		<b>195.280</b>	<b>97.417</b>
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>		<b><u>333.096</u></b>	<b><u>195.280</u></b>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. er hlutfallssjóður og hefur verið lokaður fyrir nýjum sjóðsfélögum frá árinu 1998. Sjóðsfélagar voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hf. í ársbyrjun 1998 og fluttu ekki réttindi sín í kjölfar þess að bankanum var breytt í hlutafélag.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykkti ársreikninginn þann 18. mars 2011.

### 3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 10.

### 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

### 5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2010. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### 6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilgreinum sem hafa borist sjóðnum.

### 7. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

### 8. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### 9. Rekstrarkostnaður

Arion banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins, en sjóðurinn greiðir sjálfur umsýsluþóknun, eftirlitsgjöld, endurskoðun og tryggingafræðilega úttekt.



## Skýringar, frh.:

### 10. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskrifteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði, sé það lægra. Hlutdeildarskrifteini og aðrir eignarhlutar í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á markaðsverði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni.

Verðbréfasafn sjóðsins er yfirfarið reglulega til að meta hvort virði óskráðra eigna hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkinin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi.

### Lífeyrir

#### 11. Greiddur lífeyrir:

	2010	2009
Ellilífeyrir .....	489.080	409.342
Makallífeyrir .....	75.645	70.498
Örorkulífeyrir .....	11.320	13.844
Barnalífeyrir .....	557	518
Dánarbætur .....	904	1.243
Lífeyrir samtals .....	577.506	495.446

### Fjárfestingartekjur

#### 12. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

Markaðsskuldabréf .....	1.070.375	1.779.405
Veðskuldabréf .....	19.438	45.048
Hlutdeildarskrifteini .....	23.153	109.781
Aðrar vaxtatekjur .....	18.145	41.918
	1.131.111	1.976.152

### Rekstrarkostnaður

#### 13. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

Endurskoðun og gerð reikningsskila .....	794	1.244
Tryggingafræðingur .....	1.614	1.411
Fjármálaeftirlitsgjald .....	2.801	2.487
Annar kostnaður .....	79	(436)
	5.289	4.706

14. Á árinu voru ekki greidd laun né aðrar þóknanir til stjórnar eða framkvæmdarstjóra sjóðsins.

## Skýringar, frh.:

	2010	2009	
<b>15. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:</b>			
Endurskoðun ársreiknings .....	556	871	
Gerð ársreiknings .....	238	373	
	794	1.244	
<b>Eignir</b>			
<b>16. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:</b>			
Hlutabréf			
Innlend hlutabréf, óskráð .....	36.293	8.685	
Erlend hlutabréf, skráð .....	125.992	0	
	162.286	8.685	
Hlutdeildarskírteini			
Innlendir verðbréfasjóðir, ríkistryggð skuldabréf .....	6.945	150.589	
Innlendir verðbréfasjóðir, skuldabréfasjóðir .....	93.978	61.334	
Innlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir .....	242.663	147.360	
Erlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir .....	46.917	276.931	
	390.503	636.214	
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....	552.788	644.899	
<b>17. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:</b>			
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	13.572.946	12.849.450	
Skuldabréf lánastofnana .....	645.524	592.008	
Skuldabréf sveitarfélaga .....	77.140	402.886	
Skuldabréf fyrirtækja .....	635.456	417.305	
	14.931.065	14.261.649	
Áætlað markaðsverð bréfanna var 15.992 millj. kr. í árslok 2010.			
<b>18. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:</b>			
	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	349.684	203.104	552.788
Verðbréf með föstum tekjum .....	14.931.065	0	14.931.065
Veðlán .....	289.288	0	289.288
	15.570.037	203.104	15.773.142
<b>19. Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:</b>			
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	215.117	104.688	
Endanlega tapað .....	( 113.920)	0	
Niðurfærsla ársins, breyting .....	( 24.914)	110.429	
Niðurfærsla í árslok .....	76.283	215.117	

## Skýringar, frh.:

20. Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2010, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Raun- ávöxtun*
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs .....	5,3%
Skuldabréf sveitarfélaga .....	4,2%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana .....	5,6%
Hlutdeildarskírteini .....	7,2%
Sjóðsfélagalán .....	3,8%
Skuldabréf fyrirtækja .....	0,3%

\* Raunávöxtun:

Ávöxtun sjóðsins, umfram verðlagsbreytingar samkvæmt vísitölu neysluverðs, miðað við meðalstöðu verðbréfaflokka í upphafi og lok árs.

### Skuldir

#### 21. Ýmsar skuldir greinast þannig:

	2010	2009
Ógreidd staðgreiðsla af lífeyri .....	12.862	10.343
Aðrar skuldir .....	30	327
Ýmsar skuldir samtals .....	12.892	10.670

### Skuldbindingar

22. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur heildar lífeyrisskuldbinding sjóðsins 15.491 millj. kr. í árslok 2010 miðað við 2,0% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2010 er 17.768 millj. kr. eða 2.277 millj. kr. hærri. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2010 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	16.095.245	0	16.095.245
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti .....	1.384.502	0	1.384.502
Fjárfestingargjöld .....	( 43.100)	0	( 43.100)
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	331.600	331.600
Eignir samtals .....	17.436.647	331.600	17.768.247
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir .....	12.365.800	585.100	12.950.900
Örorkulífeyrir .....	177.000	43.000	220.000
Makalífeyrir .....	2.058.000	55.900	2.113.900
Barnalífeyrir .....	4.700	1.900	6.600
Dánarbætur .....	65.000	0	65.000
Rekstrarkostnaður .....	125.800	8.700	134.500
Skuldbindingar samtals .....	14.796.300	694.600	15.490.900
Eignir umfram skuldbindingar .....	2.640.347	( 362.999)	2.277.347
Í hlutfalli af skuldbindingum .....	17,8%	( 52,3%)	14,7%

## Skýringar, frh.:

### Kennitölur

#### 23. Kennitölur:

	2010	2009	2008	2007	2006
Hrein raunávöxtun .....	5,0%	4,5%	( 4,6% )	5,8%	6,5%
Nafnávöxtun .....	7,8%	13,5%	11,0%	12,0%	13,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár .....	3,4%	5,4%	8,2%	11,5%	11,5%
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðastliðin fimm ár .....	11,6%	14,2%	16,1%	16,7%	15,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin tíu ár .....	6,4%	5,7%	6,7%	8,3%	
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðastliðin tíu ár .....	12,9%	12,3%	13,1%	13,1%	
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	2,7%	4,2%	7,2%	22,0%	20,1%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	0,8%	0,0%			
Skráð verðbréf með föstum tekjum .....	88,8%	85,9%	86,0%	67,1%	64,5%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum .....	5,9%	7,7%	4,3%	8,4%	12,9%
Veðlán, óskráð .....	1,8%	2,1%	2,5%	2,5%	2,5%
Eignir í íslenskum krónum .....	98,7%	98,2%	98,5%	97,9	96%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	1,3%	1,8%	1,5%	2,1	4,0%
Fjöldi sjóðfélaga .....	123	130	166	173	179
Fjöldi lífeyrisþega .....	238	225	204	187	188
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir .....	84,8%	82,8%	83,9%	80,9%	73,9%
Makalífeyrir .....	13,1%	14,3%	12,6%	14,4%	9,1%
Örorkulífeyrir .....	2,0%	2,8%	3,4%	4,6%	15,4%
Barnalífeyrir .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	1,6%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbind- bindingar .....	14,7%	13,5%	5,9%	0,3%	( 1,4% )
Hrein eign umfram áfallnar skuld- bindingar .....	17,8%	16,8%	9,0%	3,5%	2,4

#### Skilgreiningar:

Hrein raunávöxtun .....	Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá.
Fjöldi sjóðfélaga .....	Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
Fjöldi lífeyrisþega .....	Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

## Fylgiskjal

### Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2011 (úrdráttur)

#### Forsendur fjárfestingastefnu

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 9. gr. samþykktá sjóðsins og samkvæmt nánari reglum Fjármálaeftirlitsins.

#### Um fjöllum um réttindakerfi

Lífeyrisséttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta launa sinna og örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga.

Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu fimm almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Umreikningur miðast við breytingu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og launavísitala. Heimilt er þó að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs, en þá skerðast réttindi sjóðfélaga í samræmi við samþykktir. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnst ellilífeyrisséttur sem er 2,125% af launaviðmiðum og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda þegar 60 ára aldri er náð.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31. desember 1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrissétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðsfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Samantekt þessi um ákvæði samþykktá sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar sjóðsins í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér í töflunni að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Fjárfestingarstefna		
	Markmið	Víkmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0%	0%-25%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	87%	50%-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5%	0%-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5%	0%-15%
Fasteignatryggð skuldabréf	3%	0%-10%
Hlutabréf	0%	0%-10%
Önnur verðbréf	0%	0%-25%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	
<b>Hlutabréf</b>	<b>0%</b>	<b>0%-10%</b>
Innlend hlutabréf	0%	0%-5%
Erlend hlutabréf	0%	0%-5%
<b>Önnur verðbréf</b>	<b>0%</b>	<b>0%-25%</b>
Skuldabréf fyrirtækja	0%	0%-15%
Erlend skuldabréf	0%	0%-10%
Annað	0%	0%-10%

Ef fjárfest er í sjóðum eða afleiðum taka viðmiðin til undirliggjandi eigna. Í þeim tilvikum sem fjárfest er í erlendum myntum er heimilt að nota gjalddeyrisvarnir með því markmiði að draga úr áhættu af gengisbreytingum erlendra gjaldmiðla. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð a.m.k. árlega og getur hún breyst skv. ákvörðun stjórnar að undangenginni tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.